# Niðurjöfnun útsvara 1901-1907

Aðfnr. 1284 1/2, örk 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl

um árið 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 26 d. Október mán. 1905

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkur fyrir árið 1906 ber að jafna aukaútsvörum á bæjarbúa það ár, að upphæð Kr. 48.295,56 að viðbættum 5%-10% eins og venjulegt er.

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þetta læt jeg fylgja hjer á eptir til afnota og leiðbeiningar við niðurjöfnunina, skrá yfir þá menn er fengið hafa atvinnu eða aðseturslegfi í bænum síðan síðasta niðurjöfnun fór fram; svo fylgir og umsóknarbrjef þeirra manna er tómthúsmennskulegfi hafa fengið með fylgiskjölum, og bið jeg mjer þau endursend þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau.

I. Borgarabrjef:

× Sigurður Ásbjörnsson trjesmiður
× Þuríður Sigurðardóttir
× Nicolai Bjarnason
× Gunhild Thorsteinsson & Co.
× Ólafur Johnsen
× Jóhann Jóhannesson
× Jón Sturla Jónasson
× Villhjálmur Ingvarsson trjesmiðr
× Bogi Þórðarson trjesmiður
Magnús Magnússon, verslunarm.
× Ólafur Einarsson, skipstj.
× Elís Magnússon, verslunarm.
× Hjörtur Fjeldsted, gagnfræðingur
× Jes Nicolai Thomsen, Koch
Sigurður Jóhannsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Skipstjóraskýrteini.
× Jón Eyj. Bergsveinsson
× Árni Eyjólfsson
× Engilbert Magnússon
× Agnar Magnússon
× Sigurður Þorsteinsson
× Egill Egilsson
× Eyjólfur Eyjólfsson
III. Lausamennskuleyfi:
× Guðlaug Jónsdóttir, Bakka : Bakkastíg
× Guðni Sigurðsson, Laugaveg 73.
IV. Húsmennskuleyfi:
× Ingigerður Jónsdóttir frá Kölduknin í Holtum
× Ólafur Ólafsson, Hverfisg. 36.
× Albert Jónsson frá Ólafsvík
× Jón Sigurðsson, Bakka Seltjarnarnesi
× Þórði Sigurðssyni, Holtsgata 8 frá 1/10
× Einari Jónssyni, Klapparstíg 10 – 25/8
× Guðmundi Helgasyni, Görðunum
× Guðlaugi Hinrikssyni, Njálsgötu 54 –
× Oddur ~~Guðmundsson~~ Ögmundsson frá Árbæ í Ölfusi
× Sveinbjörn Erlindsson frá Eyrarbakka
× Jóhann ~~Þorst.~~ Jónsson frá Bakka í Geirdal
× Þorvaldur Kárelsson
× Guðmundur Bjarnason
× Pjetur Bjarnason, Þingeyri
× Sighvatur Brynjúlfsson
× Kristófer Jónsson, Hvoli í Mýrdal
× Elías Nikulásson frá Odda
× Guðbrandur Guðbrandsson frá Eyrarbakka
× Gísla Pálssyni Grímsstöðum Et.
× Guðmundi Jónssyni frá Dýrafirði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

×Jón Brynjúlfsson, Laugaveg 49
×Júlíus H. ~~Jónsson~~ Árnason Lindarg. 15.
×Einar Sigurðsson
×Páll Jónsson Hafnarfirði
×Andrjes Ág. Guðnason, Þerney
×Guðjón Jónsson, Rafnkelsstöðum
×Árni Helgason, Njálsgötu 47
×Guðmundur Magnússon, Reykjanesi
×Guðmundur Guðmundsson, Ólafsstöðum
×Sigurður Ísak Sigurðsson frá Bernstöðum
×Þorbergur Halldórsson, Smiðjustíg 4
×Kjartan Árnason, Laugaveg 61
×Guðmundur Ólafsson frá Rálagerði
×Sveinn Gunnlaugsson frá Hamrakoti
×Stefán Ingvarsson frá Kalmannstjörn
×Helgi Sigurðsson, Hverfisgötu 15.
×Steingr. Jóhannsson, Grettisg. 17 B.
×Jón Jónsson, Brdrab.stíg 21.
×Einar Sigurðsson. Bergststr. 21.
×Kristín Oddsdóttir frá Þórustöðum
×Hallgr. Guðmundsson frá Ísafirði
×Gísli Jóhannsson, Miðstræti 6
×Jón Jóhannsson, Laugaveg 53.

V. Sveinsbrjef:

í trjesmíði: ×Guðjón Jónsson } hjá Sigurji Sigurðssyni
×Einar Gíslason }
×Stefán Guðmundsson, hjá Eyv. Árnasyni
×Jónas Sveinsson – Sveini Jónssyni
×Grímur Kr. Árnason – Guðlaugi Torfasyni
×Páll Lárusson – Guðm. Jakobssyni

í járnsmíði: ×Guðmundur Jónsson } – ~~Sigurði~~ Þorsteini Sigurði Jónssyni
Hallgr. Guðmundsson }

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í skóanefndi Halldór Halldórsson hjá Vilhj. Kr. Jakobssyn
Eyjólfur Jónsson
Kristján Jóhannesson } M. A. Mathiesen

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Klapparstíg No 19 p.n. 19/2 '06

Svarað 1/3.

Hattvirta niðurjöfnunarnefnd

Í dag var mjer borinn reikningur sem tilkinnir mjer að jeg eigi að borga 16 Kr í bæjarsjóð árið 1906, jeg get ekki orðið við áskorun þessa reiknings sökum þess að jeg álít að hann gjöri langt of háa kröfu

Jeg býst við að nefndinn hafi, eins og svo oft mun koma fyrir ekki þekt sjer ástæður mínar að neinu leyti og skal jeg þá góðfúslega sýna henni hverjar þær eru

Þegar jeg nú fyrir 6 árum fór frá foreldrum mínum eigulaus með öllu var jeg fyrst 3 ár í sveit og fjekk sár-lítið kaup eins og enn er siður í sveitum laukt frá sjáarplássum, með ókamada drengi. Þegar þráa til betra og tilbreitingar meira ólífe kaiði

til að fara þaðan, varð jeg ekki
heppnari en svo, að jeg lenti hjer hjá
manni sem mjer virðist hvorki hafa
vilja nje mátt til að borga mjer skil-
vislega það sem um var samið, af hinu
litla Kaupi mínu sem hefur átt að
vera 120 Kr hef jeg orðið að fata mig
að öllu leiti síðan jeg Kom hjer til
bæjarins, og þess utan að Koma mjer
í gegnum sjómannaskólan og vera þó
vinnumaður, ennfremur hef jeg hjálpað
bróður mínum sem búinn er að vera
hálft þriðja ár á búnaðarskóla og nú
er á Kennara skóla, um hvern einasta
eiri sem jeg hef mögulega getað mist,
og látið hann sitja fyrir öllum Kröfum sem
þægindi lífsins Krefja af svo mörgum á mínum
aldri.

Þegar nú í síðastliðnum April
mánuði jeg losnaði við skólann með ~~prófi~~
eftir að hafa verið þar einn vetur
sem mjer heppnaðist [illegible] góða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óstundum vitandi það að jeg ætti ekki
mögulegt með að vera þar næsta ár, sökum
fjeleysis, fór mig að langa til að eiga vinnu
mína sjálfur og hætta að vera vinnumaður,
Hvað var þá eðlilegra en að taka skipstjóra-
skírteini til þess að öðlast rjettindin og um
leið lausamennskuleyfi. þó jeg hefði ekki
neina von um atvinnu sem skipstjóri.

Nú þegar svo var komið, þá leggur hin
háttvirta nefnd á mig 8 kr gjald jeg
borgaði það sama daginn sem jeg fjekk
reikninginn, og áleit að það ætti að vera
árgjald þó jeg síðar sæi hvernig það var
lagað.

Nú á síðast liðnu sumri gat jeg kom-
ist að stýrimanns-stöðu með fremur lágum
kjörum, en, nú er jeg því nær ferðbúinn
til útlanda til að leita mjer að gæfu

Þegar nú hin háttvirta nefnd hefur
athugað þetta þá er jeg vissum að hún
sjer að hún hefur óafvitandi gjört mjer
of háa kröfu í sambandi við gjöld

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af ödrum leigjarins gjaldendum og farir gjaldið
niður til mína, jeg mun þegar jeg kem
heim sem að öllum líkindum verður ein-
hvern tíma í sumar, borga það af mjer
snertir það sanngjarnlegt en svona háttað
gjald get jeg ekki fundið mig skildann að
borga, þó að jeg hefði peninga til þess
sem ekki er

Jeg vona svo að endingu að hin
háttvirta nefnd taki þessa kvörtun
mína til greina og sendi svar
sitt heim til mín

Með mikilli virðingu

Þorsteinn Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 16 d. febrúar mán. 1906.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar vil jeg beiðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um meðfylgjandi erindi ./. frá Páli Hallssyni, dags. 13. þ.m. um eftirgjöf á aukaútsvari og skólagjaldi árið sem leið.

Með svarinu óskast fylgiskjölin með þessu brjefi mínu, alls 4, endursend. –

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans.

Nýr. 1. marz 1906.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi, dags. 16. f. m., sent niðurjn. erindi frá Páli Hallssyni trésmið, um eftirgjöf á aukaútsvari og skólagjaldi árið sem leið og óskað umsagnar nefndarinnar um það.

Með því að þessi maður kvað hafa verið veikur og frá verkum lengi, bæði í fyrra vetur og nú í haust og hefir sannað það með vottorðum skilríkra manna, þá finst nefndinni sanngjarnt, að beiðni hans um eftirgjöf aukaútsvarsins ~~með~~ 1905 verði tekin til greina af bæjarstjórninni; en vitanlega leiðir nefndin hjá sér að koma fram með tillögu um skólagjaldið, með því að það mál ber eigi undir hana.

./. Fylgiskjölin 4 eru endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 2. d. febrúar mán. 1906.

Um erindi, sem fylgja brjefi þessu,
4/. frá þeim Sigurjóni Arnlaugssyni,
Guðmundi Aronssyni, Gísla Þorgilssyni
og Charles Nielsen um lækkun á
aukaútsvörum þeirra þ. á. o.fl. beiðist
bæjarstjórnin álits hinnar heiðruðu
niðurjöfnunarnefndar áður hún
leggur úrskurð á það.

Með svarinu óskast fylgiskjölin
endursend.

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Rvík.

Njn. 14. febr. 1906.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi, dags. 2. þ. m., sent niðurjöfnunarnefndinni erindi frá nokkurum mönnum, er beiðast lækkunar á útsvörum sínum, og æskið umsagnar nefndarinnar um þau.

1. Sigurjón Arnlaugsson. Samkvæmt þeirri skýrslu, er hann gefur um hagi sína, veikindi og atvinnuleysi á síðastliðnu ári, og ~~hann hefir~~ studd er með vottorðum 2 manna, leggur nefndin til, að beiðni hans um uppgjöf á helmingi útsvarsins verði tekin til greina, útsvarið lækkað úr 16 kr. í 8 kr.

2. Guðmundur Arnason. Þar sem þessi maður neitaði í fyrra fastri atvinnu við steinsmiðju hér í bænum með 35 aura kaupi um klukkutímann og hefir nú fasta atvinnu í Slippnum, með enn þá betri kjörum, þá fær nefndin eigi séð brýna ástæðu til að verða við beiðni hans um lækkun á útsvarinu (18 kr.), en vill þó eigi beint mæla móti því, að það verði lækkað í þetta sinn um 2-3 kr., ef bæjarstjórn svo sýnist, með því að hann hefir þó nokkura ómegð fram að færa.

3. Gísli Þorgilsson. Þessi maður skýrir í bréfi sínu frá þess kyns veikindum, sem hafa algert atvinnuleysi í för með sér, og styður skýrslu sína með vottorði læknis og 2 annara manna; leggur nefndin til, að beiðni hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði tekin til greina á þann hátt, að útsvarið verði lækkað úr 10 kr. í 6 kr., þykir óþarft að fara lengra að sinni með því að hann hefir talsvert efni við að styðjast.

4. Charles Nielsen. Með því að bréf þessa manns er svo óskiljanlega samið, að ókunnugir munu naumast fá skilið, ~~að~~ hvað ~~[illegible]~~, við er átt, þá ~~[illegible]~~ vill nefndin skýra frá málavöxtum á þessa leið. Þá er þessi fluttist hingað fyrir ~~[illegible]~~ nær 2 árum, var nefndinni skýrt rangt frá kaupi hans, kaupið sagt nær þriðjungi hærra en það hefir verið gert í raun og veru; við það kaup var útsvar hans miðað; nú hefir hann í vetur kært fyrir nefndinni útsvar sitt og húsbóndi hans þá kannast við, hvert kaup hann hefði í raun og veru. Af þessum ástæðum færði nefndin útsvar þessa manns niður í 25 kr. um árið 1906, svo að þetta bréf hans til bæjarstjórnarinnar hljóðar ekki um það gjald, þó að bréfið virðist helst benda til þess, heldur um það útsvar, sem hann átti að greiða í bæjarsjóð um árið 1905 og sem er eftir sögn sjálfs hans að mestu leyti ógreitt. Með því að það er nú orðið ~~[illegible]~~víst, að tekjur hans verða nákvæmlega hinar sömu bæði árin og eigi virðist ástæða til að ~~[illegible]~~ ~~leggja~~ á þær hærra gjald en 25 kr. ~~í samanburði~~ við aðra, þá vill nefndin leggja það til, að hann verði ekki krafinn um hærra útsvar um árið 1905 en í ár þ. e. 25 kr. Þann úrslit lætur hann sér lynda.

%      Fylgiskjölin endursendum vér hér með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki skil jeg hvada hugmind hin heidrad niderjöfnunar nefnd gjörir sjer umm ástædur þessa Bæjarbúa eftir því sem nidurjöfnunar skráin sínir.

það er nú til dæmis Jósep sonur minn, sem kom í vor í Maí frá Útlandinu klædlitill og í stórum skuldum algjörlega verkfæralaus, og legga nú á hann 20 kr á móti ýmsum ödrum einhleipum sem búnir eru ad vinna mikluleingur fyrir sjálfa sig.

Sömuleidis þikir mjer skrítid útsvarid mitt í samanburdi vid adra trjesmidi Bæjarins. þar seg jeg er komin á efri ár andi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir sjötugt, og ordinn ónetur til vinnu sem flestir adrir hafa stöd-uga vinnu vid Húsasmidi alt árid um kring. jeg sje á nidur jöfnunarskránni, ad þad er 107 trjesmidir sem er gjört lægra út-svar enn mjer, enn 20 jafn hátt mjer, enn 16 hærra.
þettad skil eg ekki ad sje rjett ef midad er vid efni og ástædur, því efni min eru ekki mikil. þó eg eigi ad nafninu til efra Húsid, enn verd ad eida af húsa leigunni til ad lifa af. því vinnu gutl mitt hrekkur ekki nærri því til ad lifa af. enn þarf þó ad borga hátt á fimmta hundrad kr. í rentur og afborgun árlega, svo jeg veit ekki hvönig þad kemur til ad gánga ef jeg hætti alveg ad geta unnid. sem ad líkindum verdur ekki lángt ad bída eftir. því þol mitt og þrek fer alltaf minkandi, þó heilsan megi heita göd.

Rvk 10 Janúar 1906
med Virdingu Mathiasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Nýju. 12. jan. 1906.

Hin niðurjafnaða upphæð varð með viðbótargjaldi, nl. 10%, rúmar 53 000 kr.

~~[illegible]~~

Með bréfi þessu skal yður, herra bæjarfógeti, skýrt frá störfum niðurjöfnunarnefndarinnar við álagning aukaútsvara til bæjarþarfa um árið 1906.

Nefndin lauk störfum sínum á lögboðnum tíma og var skráin síðan prentuð í heilu líki, svo sem í fyrra, og hefir verið til sölu; auk þess hefir hún legið frammi í bæjarþingsstofunni um lögmælt skeið.ˣ Kærur bárust nefndinni frá 18 mönnum alls og var 1 fundur haldinn 6. þ.m. til að ræða þær og úrskurða. Var þá þessi breyting gerð á skránni:

I. Nýir gjaldendur teknir á skrá:

| | |
|---|---|
| 1. Ágúst Jósefsson prentari . . | kr. 10. |
| 3. Halvorsen arkitekt . . | – 50 |
| 4. Jón Baldvinsson prentari | – 14 |
| 5. Jónas Eyvindarson, Eyvindarbæ | – 14 |
| 6. Jónatan Guðmundsson rakari | – 15 |
| 7. Karl Einarsson, cand. jur. | – 15 |
| 8. Meyer Veltusundi | – 20 |
| 9. Servaes, kap. klerkur | – 20 |

II. Þessir fengu hækkun á gjaldi:

| | |
|---|---|
| 2. Guðjón Guðmundsson ráðunautur | – 5 |
| 3. Guðm. Eggerz málflutningsm. | –15 |
| 4. Þorl. Bjarnason adjunkt | –20 |
| 1 Andrés Pálsson lm. Lgv. 5 (nú Skólastr. 17) | – 4 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Þessir fengu lækkun á gjaldi:

1. Ágúst Bjarnason heimspekingur kr. 5
2. Björn M. Olsen prófessor . . – 20
3. Guðm. Guðmundsson skrifari (dánarbú) – 20
~~4 Jens B. Waage bankaskrifari – 10~~
4. Guðm. Magnússon frá Digranesi – 4
5. Jens B. Waage bankaskrifari – 10
6. Jón Erlendsson úr Fljótshlíð, Laugav. 26 – 8
7. Jón Jónsson úr Fljótshlíð Klappast. 8 – 6
8. Nielsen, Charles, Sjómundari . . – 25
9. Ólafur Gunnlaugsson járnsmiður – 10
10. Sigurður Þórðarson frá Strapkelsst. Klapparstíg 13 – 4

IV. Þessir voru leystir undan öllu gjaldi:

1. Ágúst Pálsson lm. Lgv. 5
2. Guðm. Þórðarson trésm. frá Hálsi
3. Jóhann Jónsson frá Bakka í Geiradal
4. Jón Einarsson frá Kleppi
~~5. Jón Gunnlaugsson skipstjóri~~
5. Jón Ólafsson, hjá M. Stórbjarlssyni
6. Kjartan Ólafsson Klapparstíg
7. Magnús Árnason frá Vatnsenda
8. Sigurður Gunnlaugsson skipstjóri
9. Stefán Loðmfjörð

V. Þessir ~~hafa kært~~, en enga áheyrn fengið:

1. Eiríkur Jónsson Laugavegi 43 (nú 6)
2. Ólafur T. Davíðsson bankabókari

Hér með endursendum vér yður, ~~öll þau skjöl~~ samkvæmt fyrirmælum yðar, öll þau skjöl, er voru með bréfum yðar 26. okt., 28. okt. og 11. nóv. f. á., svo og Skattaskrá Reykjavíkur 1904.

Reikning yfir kostnað af niðurjöfnuninni látum vér verða þessu bréfi samfara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 31. oktob. 1905.

Herra skólakennari
Pálmi Pálsson.

Af því að ég veit að sú breyting hefur gjörst síðan ég kom á fund yðar seinast, að þér eruð endurkosinn formaður niðurjöfnunarnefndarinnar, sem tekur til starfa á morgun, leyfi ég mér með línum þessum að gefa yður til athugunar nokkrar upplýsingar um fjárhag minn, sem miða eiga því til sönnunar að gjaldþol mitt nú sé minna en það var í fyrra. Tek ég þá sérstaklega fram þetta þrennt:

1. að úr búi mínu, sem við árslok 1904 var hérumbil 52000 kr. virði hefi ég á þessu ári greitt uppí móðurarf barna minna = 6000 kr.

2. Húsið Nr 33 á [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda bætti ég í fyrravor uppá 200 kr,
en treysti þá leiguliða sínum annað
hvort borgaði nokkuð af leigunni
eða ekkert, síðar misti húsið af
strokið úr því — og þegar til báta
átti að setja reyndust 3 þeirra
sveitarlimir og ekkert var af
að hafa. Í stað þess að fá
af húsi þessu fyrir tímabilið
frá 1. okt. 1904 — 1 okt. 1905 um
samda leigu. 372 kr. hefi ég
aðeins fengið 170 kr.

3 Ásamt húsaleigu var ein af
gjald aðal tekjugrein minni
sú varð töluvert enn lægri en
í fyrra, og munaði allt að
1 krónu á pundi.

Atvinnu hér hefi ég enga
heldur en áður og legst alltaf
kostnaður á privat eign mína
bæði til mentunar börnum
mínum erlendis og hér auk

húshalds og sv. frv.

Ég treysti því að hin háttv.
niðurjöfnunarnefnd taki
þessar upplýsingar til greina
er hún leggur á mig auka
útsvar.

Virðingarfyllst.

Lárus Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.—7/12.

# Útsvarskæra

Lækkað um 8 kr.

Jeg undirskrifaður kæri hjer með útsvar mitt. er mjer var gjört með sýðustu niðurjöfnun. Reykja-víkur. að uppkæð 12 kr. Tólf krónur. og skal jeg leyfa mjer að færa ástæður firir því. að jeg get ómugulég borgað til líka þessa uppkæð. það gerir mín fátækt. jeg er alsendis Eygnalaus maður er að basla með 3 börn hvert öðru yngra og ~~sitt stór~~ kostlega pattlað.

jeg get undir eydstilbað gefið það upp— skátt. hinni háttvirtu niðurjöfnunar nemd. að mín atvinna yfir árið kleyppur als yfir 3.10 kr. Þrjú hundruð —og Tíu krónur og af þessari uppkæð á jeg að fæða og klæða og borga húsaleigu fir 4 manneskur: heimili það getur hver maður sem hefur á annað borð tilfinning firir því hvað fátækt er. sjeð að það er virkilega sind sanntt. að krefja mig um svoa hátt gjald. og krefst jeg þess að hin hátt virta niðurjöfnunar nefnd færi útsvar mitt niður í 4 krónur annars er best að skáða

Laugaveg № 26 þann 6—12 1905 Jón Erlindsson (úr Fljótshlíð

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Til Jóns Erlendssonar
úr Fljótshlíð
Laugavegi 26.

Njn. 7.-I.-1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 6. þ. m. kært útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1906 og hefi eg lagt bréf yðar fyrir nefndina á fundi hennar í gær.

Nefndinni þótti eftir atvikum ástæða til að færa gjald yðar að sinni nokkuð niður, einkum fyrir þá sök, að þér hafið talsvert mikilli ómegð fyrir að sjá, og úrskurðaði því að lækka gjald yðar um 8 kr., úr 12 kr. í 4 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. – 9/12.

# Útsvars kæra

Lækkað um 6 kr.

Jeg undirskrifaður kæri (kjæri) með útsvar það er mjer var gjört við síðustu niðurjöfnun Reykjavíkur að uppkæð 14 kr. Fjörtán krónur.. á stæður firir því að jeg treysti mjer ekki að borg svonagífurlegtt útsvar. eru þær að jeg er alssendis eignalaus og blá fátækur. með 2 börn hef hafttt við mjög bá kjör að búa. sökum veikinda. og þar af leiðandi atvinnu mistirs.

og öll ymtekt min ifir árið losar als rum 300 krónur og þar af á jeg að fæða og klæða 4 mans i heimili. svo á því má sjá að það sje ekki með jafn i kvittelsudum matur á borðum hjá oss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Út af þessu leifi jeg mjer
að krefjast þess að útsvar
mitt sje fært niður í 5 kr. Fimm
krónur því jeg held að það sje
það mesta sem geti komið til
greina samkvæmt mjer og
laga á kvæðum þá þeim sem að
nýður jöfnunum lúta.

Njálsgötu n.30 þann 7–12 1905
Virðingarfyllst

Jón Jónsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Jóns Jónssonar úr Fljótshlíð
Njálsgötu 30.

Njv. 7. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi dags. 7. þ. m. kært útsvar það, 14 kr., er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1906 og hefi eg lagt bréf yðar fyrir nefndina á fundi hennar í gær.

Þér berið fyrir yður fátækt og veikindi á heimili yðar að undanförnu, án þess þó að tilgreina, hvernig þeim hefir verið háttað að öðru leyti, [illegible] með því að nefndin hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að nokkuð muni hæft í þessu, þá úrskurðaði hún að lækka útsvar yðar um 6 kr., úr 14 kr. í 8 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. – 9/12.

Slept.

Hjer með vil jeg biðja hina heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd B.víkur kaupstaðar að strika nafn mitt út af gjaldendaskrá bæjarins af því jeg slit alþarinn úr barnum um næstu áramót, undir að Gerðum í Garði

Rvík 9–12–05

Guðm. Þórðarson
Laugaveg 68

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Hr. Guðm. Þórðarson (frá Hálsi)
trésmiður
í Gerðum í Garði.

Njn. 7. jan. 1906.

Samkvæmt ~~[illegible]~~ skýrslu yðar í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 9. f. m., hefir nefndin á fundi í gær úrskurðað, að útsvar það, er á yður hefði verið lagt til bæjarþarfa um árið 1906, skuli niður falla.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O. F. DAVIÐSSON.

Reykjavík, 10. desember 1905

4. – 11/12.

Ekki sent.

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1906 sé eg, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknazt, að leggja á mig 130 Kr. útsvar. Eins og hin háttvirta nefnd mun muna, lagði hún sömu upphæð á mig í fyrra. Eg kærði þá yfir útsvari mínu og skýrði þá efnahag mínum og ástæðum, sem nefndinni voru ekki kunnar. Nefndin tók þessa skýrslu mína trúanlega og kannaðist við, að útsvarið væri of hátt, með því, að setja það niður í 90 Kr. Jafnvel þó mér væri fullljóst, að í samanburði við útsvör ýmsra annara gjaldenda væri þetta enn of hátt útsvar á mér, lét eg mér það lynda þá. En hafi það nú í fyrra verið meining nefndarinnar, að 90 Kr. væri hæfilegt útsvar á mér, þá fæ eg ekki séð, hvernig það getur verið rétt, að leggja nú á mig 130 Kr. Ástæður mínar eru hinar sömu og í fyrra, og eg á ekki von á, að þær breytist neitt til batnaðar á árinu, sem kemur; öllu fremur þyngist hús mitt eftir því sem börn mín vaxa upp. Og eftir því, er eg veit bezt, hefir aðalupphæð útsvara, sem jafna þurfti niður nú, ekki aukizt meira en 8–10%, en eftir því hefði útsvar mitt eigi átt að geta hækkað meira en í mesta lagi um 9 kr. eða upp í 99 Kr.

En líti eg aftur á útsvör ýmsra annara gjaldenda, þá getur mér eigi dulizt, að jafnvel þetta útsvar 99 Kr. mundi vera langt um of hátt á mér, í samanburði við þá. Eg er nú orðinn nokkru kunnugri hér, en eg var í fyrra, og mér mundi vera hægðarleikur, að taka mörg dæmi þessu máli mínu til sönnunar. En eg hefi ekki tíma né tækifæri til þess og læt mér því nægja, að taka til samanburðar aðeins tvo gjaldendur, þar sem mér virðist munurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vera einna augljósastur. Þessir gjaldendur eru Kristján Þorgrímsson kaupmaður og Þorleifur Jónsson póstafgreiðslumaður.

Hvað snertir Kristján Þorgrímsson, þá mun hann vera einn með ríkustu mönnum hér í bænum. Hann hefir, eins og kunnugt er, á þessu ári selt lóð við Vonarstræti fyrir um 15000 kr. Hann á hús og lóð við Kirkjustræti, sem óhætt er að fullyrða, að ekki myndi vera selt fyrir minna en 20-25000 kr. og eg hygg að á þeirri eign hvíli tiltölulega mjög litlar skuldir. Þar fyrir utan veit eg, að hann á annað hús hér í bænum og nýlega hefir hann keypt af bænum stóra og dýra landspildu. Þar fyrir utan mun hann ennfremur eiga eitthvað meira af lóðum og eitthvað af jarðeignum, og sízt mun það of lagt í, þó eignir hans séu metnar á 40000 kr. Hann hefir ennfremur góðar árlegar tekjur af verzlan sinni og ýmsum aukastörfum t. d. skuldainnheimtu o.fl. sem eg hirði ekki um, að tilgreina með því, að nefndinni mun vera það kunnugt eins og mér, eða eigi síður, og hann hefir enga ómegð, aðeins einn son, sem hann kostar til náms. Eg verð því að halda því fast fram, að Kristján Þorgrímsson eigi að réttu lagi að bera miklu hærra útsvar en eg, sem er eignalaus fjölskyldumaður, en að það nái als engri átt, að gera útsvar hans meira en helmingi minna en mitt, eins og nefndin hefir nú gert.

Þorleifur Jónsson hefir nú eftirleiðis 2000 kr. laun sem póstafgreiðslumaður. Hann hefir sem aukaatvinnu umboð fyrir brunabótafélag, sem eg þori að fullyrða, að gefur honum 6-800 kr. á ári. Þess utan, hefir hann ýms önnur störf t. d. sem gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands, sem eflaust gefur honum nokkrar tekjur. Hann er allvel efnaður maður, á t. d. hús hér í bænum og væna jörð fyrir norðan, og hann hefir að því er eg veit bezt aðeins tvö börn og enga aðra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ómaga fram að færa, þar sem eg hefi 5 börn og tvö gamalmenni.
Það er því að mér virðist augljóst, að ef ástæður okkar allar væri teknar til greina, þá mundi hann vera fær um, að gjalda eins hátt útsvar og eg í stað þess, að það er nú gert nálega 3/4 lægra.

Samkvæmt framanskrifuðu verð eg að krefjast þess, að útsvar mitt verði fært niður í samanburði við þessa tvo gjaldendur, er eg hefi til nefnt, eða þeirra útsvör færð uppí samanburði við mitt. Eg hefi að framan sýnt fram á, að svo framarlega, sem útsvar mitt hafi verið nærri sanni í fyrra — og því mun nefndin vilja halda fram — þá getur það ekki nú verið hærra en 99 kr., en í samanburði við útsvar Kristjáns Þorgrímssonar getur það eigi verið hærra en í hæsta lagi 50 kr. og enn minna í samanburði við útsvar Þorleifs Jónssonar.

Virðingarfyllst
Ó. T. Daudson

| | |
|---|---|
| Laun O. T. | 3500 |
| Timburv. Þorst. & Bj. | 400 |
| Gjaldkeri Gutenbergs | 400 |
| — " — Rökkur | 200 |
| Aukavinna í Lb. | 200 |
| | 4700 |

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O. F. DAVIÐSSON.

Reykjavík, 14. jan. 1906

Í bréfi dags. 7. þ. m., sem eg meðtók í dag, lætur hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd þess getið, að mér sé velkomið, að sjá skýrslur þeirra Kristjáns Þorgrímssonar og Þorleifs Jónssonar til niðurjöfnunarnefndarinnar hjá formanni nefndarinnar. Eg er að sjálfsögðu mjög þakklátur fyrir þessa kurteisi nefndarinnar, en sökum þess, að tími minn er mjög bundinn, vildi eg leyfa mér að fara þess á leit, að nefndin láni mér skjöl þessi nokkra daga. Sé það eigi fáanlegt, þá vildi eg mega biðja um upplýsing um, á hvaða tíma formaður nefndarinnar er viðlátinn, því um það er mér ókunnugt.

Jafnframt þessu vildi eg mjög gjarnan biðja nefndina, að upplýsa mig um, hvaða tekjur það eru, sem hún áætlar mér á þessu ári, og sem mér skilst að eftir áætlun nefndarinnar eigi að nema um 1000 kr. Mér er nefnilega sjálfum ókunnugt um þessar tekjur, eða mestan hluta þeirra, en sé að nefndin þekkir betur til, en eg.

Loks vildi eg mega spyrja um, hvernig á því stendur, að bréf, sem nefndin skrifar mér 7. janúar, er ekki látið á póst fyrr en 14., því verið getur, að svo verði litið á, sem kærufrestur minn til bæjarstjórnarinnar styttist við það um 7 daga

Virðingarfyllst

O. F. Davíðsson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 23. jan 1906

Hér með endursendi eg hinni hátt-virtu niðurjöfnunarnefnd skjöl þau ./. 3 að tölu, er hún lánaði mér.

Virðingarfyllst

Ó. Davíðsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bankab. Ó. F. Davíðsson

Rvík 17. jan. 1906.

c/. L (2 bréf og 1 vottorð)

Þér hafið í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 14. þ. m., óskað eftir að fá að sjá svör jafnaðarmanna yðar, svo sem vér höfðum boðið yður, ef þess yrði leitað af yðar hálfu. Þessi svör sendum vér yður hér með og óskum að fá þau aftur, er þér hafið glöggvað yður á þeim.

Frestur sá, er nefndin hafði til að svara væntanlegum kærum manna, var útrunninn 14. þ. m. og skiptir það engu, hvort svarið til yðar var samið, ~~og~~ skrifað og sent þann dag eða einhvern hinna fyrri daga, því að kærufrestur yðar til bæjarstjórnar stendur [illegible] svar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frestur nefndarinnar er liðinn. Ef yður
verður þá jafn „ókunnugt" um tekjur yðar
sem mér, má vera að nefndin fái ~~tæki~~-
færi á að svipast að þeim með yður,
en að raunalausu vill hún ekki svifta
yður þeirri ánægju að finna þær sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 2. d. febrúar mán. 1906

Kæru frá Ólafi Davíðssyni í brjefi dags.
23. f. m. yfir útsvari hans samanbornu
við útsvar Kristjáns Þorgrímssonar kaup-
manns og Þorleifs Jónssonar póstafgreiðslu-
manns, hefur bæjarstjórnin á fundi sínum
í gær úrskurðað á þá leið, að útsvar kæranda
skuli lækkað um 20 kr., en útsvar Kristjáns
Þorgrímssonar hækkað um sömu upphæð.
Þetta er tjáð hinni heiðruðu niðurjöfnunar
nefnd til athugunar, og eru jafnframt
/. endursend skjöl þau, er fylgdu brjefi
nefndarinnar, dags. 31. f. m.

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 4.

KRISTJÁN ÞORGRÍMSSON
KIRKJUSTRÆTI 10.
Box B. 25.

Reykjavík 28. Desbr. 1905

Með brjefi 12. þ.m. hafið þjer herra formaður skorað á mig að láta yður í tje ástæður mínar og efnahag og jafnframt skírskotað til brjefs þess frá 10. s.m. er bankabókari Ólafur Davíðsson sendi hinni heiðr. niðurjöfnunarnefnd þar sem hann bar sig saman við mig.

Jeg vildi hjermeð leyfa mjer að verða við þessari beiðni yðar, en skýra yður rjett og satt frá öllu.

Jeg sný mjer þá fyrst að brjefi Ól. Davíðssonar. Hann segir þar að jeg hafi selt lóð við Vonarstræti fyrir Kr. 15000. Þetta eru helber ósannindi. Jeg hef ekki aðra lóð selt þar til D. D. nema fyrir 10.500 Kr. og af þeirri lóð voru 2/3 partar af minni eldri húslóð, og sem við það rírði mikið eignina. Auk þess segir hann að húseign mín við Kirkjustræti sje ekki of hátt metin á 20 til 25 þús. Krónur. – Þetta er mikið gott ef hann getur útvegað mjer þessa upphæð. Húseignin er virt á liðugar 13 þús. Kr. og aðrar tekjur hef jeg ekki af henni en fríja íbúð fyrir sjálfan mig. Hann getur þess einnig, að á eigninni hvíli tiltölulega mjög litlar skuldir; en á henni hvílir 7000 Kr. til Viðlagasjóðs Íslands. Ennfremur segir Ólafur að jeg eigi húseign við Laugaveg, og er það satt; en á þeirri húseign hvílir til veðdeildar Landsbankans 2400 Kr., en húseignin öll er virt á 4500 Kr. Sömuleiðis segir

Bæjarfógeti í Rvík
Dagbók 1906 No. 87.
Afd 06 87.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2,

**KRISTJÁN ÞORGRÍMSSON**
KIRKJUSTRÆTI 10.
Box B. 25.

Reykjavík ............ 190

Ólafur að jeg eigi stóra og dýra landspildu er jeg hafi keypt af bænum. Það er mikið satt að jeg keypti af bænum lóð fyrir 1700 kr., en sem er mjer alveg arðlaus, og andvirði það sem jeg greiddi fyrir hana gekk frá þeim 10.500 kr. er jeg fjekk fyrir lóðina við Vonarstræti. Þar sem hann talar um að jeg eigi aðrar lóðir, neita jeg því gjörsamlega sem hreinum og beinum ósannindum; því aðrar eignir en jeg nú hefi talið á jeg ekki, og jeg skal taka það fram að jeg á alls engar jarðir.

Skuldir þær sem á mjer hvíla eru þessar.

1 á húsi mínu við Kirkjustræti eins og áður sagir (7000 kr)
2. á húsi mínu við Laugaveg 2400 kr.
3. Skuldir erlendis a. 3300 kr.
4. Sjálfskuldar ábyrgðarlán í Landsbankanum, sem Ólafi hlýtur að vera kunnugt um 4500 kr.

Auk þess skulda jeg nokkuð kaupmönnum hjer í bænum. Tekjur mínar að öðru leyti en jeg nú hef skýrt frá hafa ekkert breytst frá þeim tíma sem jeg skrifaði hinni heiðr. nefnd 9. nóv. 1903.

Að endingu skal jeg geta þess að jeg kosta son minn við háskólann og borga nú sem stendur 500 kr. til hans á ári.

Jeg vona nú að jeg sje búinn að skýra hinni heiðr. nefnd svo rækilega frá efnum mínum og ástæðum, að hún finni ekki ástæðu til að hækka útsvar mitt frá því sem nú er heldur þvert á móti sjái nú að gjald það sem á mig hefur verið lagt er allt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/

**Kristján Þorgrímsson**
Kirkjustræti 10.
Box B. 25.

Reykjavík ............ 190

of hátt eptir því sem tekjur mínar eru, og vil ennfremur geta þess að jeg hef auk Þorgr. sem jeg kosta, öðrum pilti fyrir að sjá, sem er 7 ára gamall; en ef Ó. Davíðsson álítur hann ekki ómaga, þá vona jeg að hin heiðr. nefnd dragi elsta barnið hans frá, og þá hefur hann ekki nema 4 ómaga.—

Jeg verð að halda því fast fram, að útsvar það sem hin heiðr. nefnd hefur lagt á Ólaf Davíðsson, sje allt of lágt. Hann hefur 3500 kr laun; hefur þar að auk ýmsar aukasporzlur t. d. gjaldkeri blaðsins „Reykjavík" m. m. Auk þess hlýtur hann að vera vel efnaður maður, þar sem hann um mörg undanfarin ár hefur verið verzlunarstjóri við eina stóra verzlun utanlands. Jeg krefst því þess að hin heiðr. nefnd lækki ekki útsvar Ó. Davíðssonar, en eptir þær upplýsingar er jeg nú hef gefið, vona jeg að nefndin sannfærist um að útsvar mitt sje fullhátt. Lækkun fer jeg ekki fram á.

f. Brjef Ólafs Davíðssonar endursendist hjérmeð.

Virðingarfyllst
Kristján Þorgrímsson

Til
formanns niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans. 30/1 1906.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi, dags. þ. m. sent nefndinni erindi frá Sighvati Brynjólfssyni ~~til~~ bæjarstjórnarinnar um lækkun á þessa árs útsvari hans sökum veikinda.

Þessi maður er nýkominn til bæjarins og var nefndinni alls eigi kunnugt um veikindi hans í sumar, þá er hún jafnaði niður útsvörum í haust, enda var hann ekki hér í bænum þann tíma, en síðan kæra þessi barst nefndinni, hefir hún kynt sér ástæður hans og hyggur, að eftir atvikum megi taka beiðni hans um lækkun á þessa árs útsvari hans til greina, með því að hann hefir eigi getað stundað atvinnu sína mikinn hluta síðastliðins sumars. Leggur nefndin til, að útsvar hans verði lækkað um 6 kr., úr 14 kr. í 8 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans. 31/1 1906.

Með því að bankabókari Ó. F. Davíðsson hefir kært fyrir bæjarstjórninni yfir útsvari því (130 kr.), er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á hann um árið 1906, og þykist engar verulegar tekjur hafa aðrar en bankabókaralaun sín (3500 kr.), þá vill niðurjöfnunarnefndin láta þess getið, til áréttingar bréfum vorum til hans, að henni var kunnugt um, að hann hefir svo miklar aukatekjur, svo sem fyrir reikningshald við timburverslun Þorst. Þorst. og Bjarna Jónssonar, 400 kr., fyrir reikningshald blaðsins „Reykjavíkur", 2-300 kr., og ef til vill fleira, að nefndinni þótti vel mega hlýða að hafa þær í huga, er útsvar hans var ákveðið. Nefndin er enn þeirrar skoðunar, að útsvar hans sé alls eigi sett of hátt, í samanburði við ~~[illegible]~~ aðra gjaldendur þessa bæjarfélags.

Til þess að bæjarstjórn fái séð, hversu rangar hugmyndir bankabókarinn gerir sér um hagi jafnaðarmanna sinna, sendum vér yður skýrslur sjálfra þeirra um það atriði, en óskum að fá þær endursendar við tækifæri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 4.

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur með brjefi, er jeg fjekk 28. f. m., sent mjer kæru bankabókara O. F. Davíðssonar yfir útsvari sínu í ár, þar sem hann meðal annars fer fram á, að útsvar mitt verði hækkað.

Sem ástæðu fyrir þessu færir hann meðal annars, að jeg eigi að eins 2 börn, en jeg á 5 börn, hið elsta á 12. ári, hið yngsta á 4. ári, og getur hin heiðraða nefnd fengið vitneskju um þetta, ef henni er ekki kunnugt um það áður.

O. F. Davíðsson segir enn fremur, að jeg eigi „væna jörð" fyrir norðan, en þetta er ósatt; jeg á enga „væna jörð" hvorki fyrir norðan nje annars staðar.

Hús á jeg að vísu hjer í bænum, sem virt er til brunabóta á 6800 kr., en á því hvíla þessar veðskuldir: við Söfnunarsjóð Íslands 3600 kr. og við prestaskólakennara Eirík Briem 1000 kr. Þetta má sjá í afsals- og veðmálabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Jeg er sem stendur gjaldkeri Búnaðarfjelags Íslands, eins og O. F. Davíðsson tekur fram. Hann er einnig gjaldkeri hlutafjelagsins „Reykjavíkur". Jeg fæ þóknun fyrir að vera gjaldkeri búnaðarfjelagsins líklega álíka mikla eins og hann fyrir að vera gjaldkeri „Reykjavíkur".

O. F. Davíðsson gerir mikið úr þeim tekjum, sem jeg muni hafa af því að vera

Bæjarfóg. í Rvík.
Md. Dagbók 1906. No. 87.
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umboðsmaður fyrir brunabótafjelag, en ~~hins~~ og meðfylgjandi vottorð frá póstmeistara S. Briem ber með sjer, gengur helmingurinn af þóknun þeirri sem fjelagið tekur, til ekkju hins fyrverandi aðalumboðsmanns fjelagsins hjer á landi, Helga Jónssonar bankaassistents, og tekjur af þessu starfi eru næsta litlar fyrir mig.

Frá byrjun ársins 1906 fæ jeg að vísu 2000 kr. í árslaun, en hef í næstliðin 6 ár haft að eins 1500 kr. og með jafnþungt heimili eins og jeg hef haft, hef jeg ekki komist af með það, svo að jeg hef ekki komist hjá að safna skuldum undanfarandi ár.

Jeg þekki ekki vel efnahag Ó. F. Davíðssonar, en það veit jeg, að hann hefur 3500 kr. í árslaun. Í skýrslu sinni segir hann vera „eignalaus". Þetta getur ekki verið satt, því að nú er hann að láta byggja hús við Laufásveg hjer í bænum, og það hús er, meðan á byggingunni stendur, vátryggt í brunabótafjelaginu Union Assurance Society, sem jeg er umboðsmaður fyrir, til brunabóta fyrir <u>8000 kr.</u>, og það gerir enginn fjelaus maður, að byggja hús fyrir 8000 kr. og kaupa lóð undir það.

Samkvæmt því sem jeg hef tekið fram, leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að útsvar mitt verði látið standa, eins og hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur sett það.

Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vík 6. jan. 1906

Virðingarfyllst
Þorleifur Jónsson

Til

niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með votta jeg eptir beiðni, ~~að mjer er kunnugt um~~, að ekkja Helga heitins Jónssonar bankaassistents hefur helming af netto-provision þeirri, sem brunabótafjelagið Union Assurance Society lætur aðal-umboðsmann sinn hjer á landi hafa.

Reykjavík 6. janúar 1906.

Sigurður Briem

Afl. Bæjarfóg. í Rvík. Dagbók 1906 No. 87.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Hr. bankabókari Ó. F. Davíðsson
Rvík.

Njr. 7. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kært útsvar það til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin hafði í haust gert yður að greiða um árið 1906. Bréf þetta var lagt fram á fundi nefndarinnar í gær og gjaldþol yðar athugað enn af nýju.

Í fyrra skýrðuð þér nefndinni frá ~~heimilishögum yðar, sem henni þá var að sama leyti ókunnugt um, og þáverandi~~ tekjum yðar af atvinnu, sem var í sjálfu sér óþarfi, því að nefndin vissi fullvel, hverjar þær þá voru; enn fremur skýrðuð þér nefndinni frá heimilishögum yðar og varð það meðal annars, svo sem kostnaður af flutningi hingað, til þess, að nefndin lækkaði útsvar yðar í það sinn og sýndi yður þá mikla tilhliðrun. Nú hefir nefndin hækkað aftur útsvar yðar um svo mikið sem lækkunin nam í fyrra og þóttist hún á engan hátt beita yður ójöfnuði, síður en svo, enda var henni nú miklu ~~kunn~~ kunnugra um ástæður yðar allar en áður. En þér ~~sem~~ látist vera í öðru máli og dirfist að skýra rangt frá málavöxtum yður í hag, þar sem þér meðal annars segið í kæru yðar, að ástæður yðar séu hinar sömu sem í fyrra, enda þótt ~~tekjur~~ yðar hafi aukist að miklum mun ~~um yfir 1000 kr.~~ ~~árið~~ ~~sem~~ leið og vissulega megi ætlast í að þér hafið ~~[illegible]~~ yfir 4500 kr. tekjur á þessu ári, svo að ~~vel~~ fremur hefði mátt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~lækka gjaldgjaldana lækka~~ ef þess hefði gerst þörf leggja á yðar herra gjald en þó var gert að þessu sinni, enda sá nefndin enga leið til að lækka gjaldið, svo sem þar krefjist, og ~~úr~~skurðaði því, að það skyldi standa óbreytt.

Þó að nefndinni væri allvel kunnugt um ástæður gjaldendanna yðar, þá hefir hún þó krafið þá skýrslu um það mál og fengið skýr svör. Þær skýrslur er yður velkomið að sjá hjá formanni nefndarinnar og munuð þér þá ganga úr skugga um, að lýsing yðar á högum þeirra er í flestum atriðum mjög röng, varla annað en hugarburður einn og öfgar, enda fann nefndin ekki ástæðu til að lækka útsvör þeirra.

Þessi málalok birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

5. – 12/12.

Lækkað um 10 kr.

Mér finst jeg hafa fulla ástæðu til að kvarta við hina háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd, yfir gjaldi því er hún leggur á mig til Bæarsjóðs næsta ár, á móts við marga aðra sem að mínu áliti hafa betri ástæður, ætið legga á mig Kr 25 er að mínu og fjölda margra áliti ekki rétt. Heimili mitt er Konan og 3 Börn ung og fyrir þessu eiga minar 2 hendur að vinna. Jeg vil í sambandi við þetta nefna nokkra menn, sem að mínu áliti hafa betri ástæður og þó er minna gjald lagt á þá þeir eru þessir:

Sigurður Sigurðsson járnsmiður í Slippnum
Bjarnhéðinn Jónsson járnsmiður
Ámundi Ámundason Hlíðarhúsum
Ólafur Eiríksson Söðlasmiður
Einar Jónsson Skósmiður.

Vill nú ekki hin háttvirta nefnd athuga ástæður mínar gagnvart þessum mönnum, og skil jeg þá ekki í öðru en hún komist að þeirri niðurstöðu að hér er ekki brúkað jafnrétti. Að réttu hlutfalli við þessa nefnda menn vil jeg borg Kr 15 og ekki meira

Virðingarfylst

Reykjavík, 11 Des 1905
Olafur Gunnlaugsson járnsmiður

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Herra Ólafur Gunnlaugsson
járnsmiður

Rvík. 7. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 11. f. m., kært útsvar yðar, 25 kr., er á yður var lagt til bæjarþarfa um árið 1906 og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar í gær.

Með sérstöku tilliti til ómegðar þeirrar, er þér verðið að standa straum af, vildi nefndin sýna tilhliðrun við yður í þetta sinn og færði útsvar yðar niður um 10 kr., úr 25 kr. í 15 kr., svo sem þér fóruð fram á; en hins vegar getur nefndin með engu móti kannast við, að allir þeir, er þér nefnið sem jafnaðarmenn, séu yður jafnsnjallir eða fremri; þar skjátlast yður eflaust nokkuð.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. – 13/12.

Reykjavík 12. desember 1905.

Eg undirritaður leyfi mjer hjermeð að kæra útsvar mitt, og eru þær ástæður fyrir því, sem nú skal greina

Í fyrra haust kom eg úr dýri ferð og var talsvert skuldugur, svo að af þeim 2000 kr. styrk, sem eg þá naut, átti eg eptir einar 500 kr. til alls ársins, sem þá fór í hönd. Samt var lagðar á mig 20 kr. Að ráðum formanns niðurjöfnunarnefndarinnar ljet jeg þó hjá líða að kæra í það skiptið, enda vann eg mjer inn á árinu um 400 kr.

En nú hefur nefndin bætt gráu ofan á svart og lagt á mig 30 – þrjátíu – króna útsvar, þó ekki sje útlit fyrir, að tekjur mínar verði meiri ár það, sem í hönd fer, en árið, sem er að líða. Eg skil ekki þessa reikninga niðurjöfnunarnefndarinnar, en eg skal leyfa mjer að leggja fyrir hana áætlun sjálfs míns og annara.

Eg fæ fyrir 9 mánaða kennslu við hinn alm. menntaskóla, ef jeg þá verð við skólann allt árið, 54 kr. á mán. eða alls 486 kr.
auk þess fæ eg frá nýjári og af eg held til maíloka 40 kr. á mán. fyrir kennslu við verzlunarskólann, það verða 200 –
og aðra atvinnu hef eg ekki. En svo lítur út sem niðurjöfnunarnefndin hafi reiknað mjer sem tekjur þær 600 kr., sem þingið veitti til þess að standast kostnaðinn af útgáfu fyrirlestra minna. En þetta er skakkt og nefndinni var vorkunnarlaust að vita sjálf það, sem á fjárlögunum stendur; þar stendur, að mjer hafi verið veittar 600 kr. til þess að <u>gefa út</u> fyrirlestra þessa, 12 arkir á ári, 50 kr. f. örkina. Gerum nú ráð fyrir, að prentun og pappír kosti 40 kr. á örkina eða alls 480 kr, þá fæ jeg í minn hlut einar 120 kr.; og setjum svo, að jeg kæmist að um betri kjör og þurfi ekki að borga alls nema 20 kr. fyrir örkina, þá fæ jeg í minn hlut 360 kr . . . . 360 –
En samt verða allar tekjur mínar ekki nema 1046 kr
og á það leyfir niðurjöfnunarnefndin sjer að leggja 30 kr. útsvar! Á annað getur hún ekki lagt, því eg er með öllu eignalaus maður, á ekki nema bækur mínar og fáein innanstokksmuni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú skal jeg til samanburðar og til þess að sýna „jöfnuðinn", taka útsvar nokkurra annara manna, sem eru á líku reki og jeg.

Kand. mag. Helga Pjeturssyni eru gerðar 25 kr., og þó hefir hann fengið 2000 kr. ársstyrk hjá þinginu auk 1000 kr. í ferðakostnað á ári; það er samanlagt 3000 kr. með að eins 25 kr. útsvari!

Guðm. yfirrjettarmálfærslumanni Eggerz, sem er ungkvongaður efnaðri konu og hefir yfirrjettarmálfærslumanns tekjur, á að svara einum 25 kr.

Guðjóni agronom Guðmundssyni, er sjálfsagt hefir um 1200–1400 kr. tekjur ef ekki meira, eru gerðar 20 kr.

Magister Guðm. Finnbogasyni, sem mun hafa líkast mjer, en stendur þó mun betur að vígi, af því hann á undanförnum árum hefir haft miklu minni útgjöld en jeg, en hefir nú 600 kr. fastar fyrir ritstjórn og sjálfsagt um 400 kr. eða meir fyrir ritstörf við Skírni auk kenslu, eru að eins gerðar 20 kr.

En mjer, sem ætlaði að fara að reisa bú af litlu sem engu, hefði ekki „mentin" mín brugðið fyrir mig fótum, svo að jeg hef ekki nema í hæsta lagi 1000 kr. tekjur, eru gerðar 30 kr. í útsvar.

Eg nenni ekki að vera að rekja lengur vegi hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar. Hennar vegir eru mjer hvort sem er órannsakanlegir. Eg skil þannig ekki að manni með 800 kr. launum, rífum aukatekjum úr Reykjavíkur prestakalli og þó nokkurri tímakenslu, en með 1 barni aðeins, eru gerðar að mig minnir 8–10 kr. Maður þessi er síra Bjarni Hjaltested, að jeg ekki nefni fleiri.

Samkvæmt því, sem þegar er tilfært, leyfi jeg mjer nú að fara fram á, að útsvar mitt verði fært niður að mun, eða á hinn bóginn, að útsvar þeirra manna, er greindir voru, verði fært upp að sama skapi og hlutfallslega við útsvar mitt og tekjur.

Annars vildi jeg að lokum mega benda háttvirtri niðurjöfnunarnefnd á, hvort ekki mundi tími til kominn að taka upp venju þá, er tíðkast í öllum þeim siðuðum löndum, sem jeg þekki til, að gefa heiðarlegum gjaldendum kost á, áður en jafnað er niður, að telja fram tekjur sínar á þar til útbúnum eyðublöðum. Mundi það ekki spara nefndinni mörg heilabrot og margan misjafnan útreikning, og mundi jöfnuðurinn þá ekki verða meiri?

Virðingarfylst

Ágúst Bjarnason

magister.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Herra mag. sc. Ágúst Bjarnason

Rvík. 8. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 12. f. m., kært útsvar það, 30 kr., er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður til bæjarþarfa um árið 1906 og var þetta skjal yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 6. þ. m.

Enda þótt nefndinni virtist þér gera óhæfilega lítið úr væntanlegum tekjum yðar á þessu ári og sanna megi með stuðningi af skýrslu sjálfs yðar, að tekjurnar verði nokkuð meiri en þér viljið gera uppskátt, þá félst nefndin þó á að lækka útsvarið, einkum þar sem tekjurnar mega enn sem komið er teljast fremur óvísar, og úrskurðaði að draga af því 5 kr. og munuð þér þá ekki hafa ástæðu til að kveina svo sáran undan „ójöfnuði“ nefndarinnar.

Þess skal hér getið, að þótt skýrsla yðar um tekjur jafnaðarmanna yðar sé mesta ófullkomin og í ýmsum atriðum alveg röng, þá hefir kæra yðar þó orðið til þess, að skýrslu hefir verið krafist af þeim sjálfum og útsvör tveggja þeirra (Guðjóns Guðmundssonar og Guðmundar Eggerz) hækkuð að nokkurum mun.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

486.

Reykjavík 15. 12. 05.

Herra formaður!

Þjer hafið óskt upplýsinga um efni mín og ástæður í sambandi við útsvarskæru sem yður hefur borist. Skal jeg þá stuttlega geta þess að tvísýnt er að jeg geti varið helmingnum til af þeim 3000 kr. sem alþingi hefur veitt mjer, til framfleytingar mjer og mínum. Jeg hef ráðgert kostnaðarsamt ferðalag til rannsókna sumarið 1906 og þykir mjer líklegt að þær 1000 kr sem mjer eru ætlaðar til ferðakostnaðar muni ekki hrökkva þar til. Kostnaður við doktorsritgerð mína (og utanför) er þegar orðinn um 1500 kr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og bætist þó nokkuð við enn og lendir ýmislegt af þessu á næsta árs tekjum.
Enn fremur standa mjer ýmsir fjárhagslegir örðugleikar og kostnaður af heilsubresti mínum.

Þegar á allt þetta er litið hygg jeg að hinn háttvirta nefnd hafi engan-veginn lagt of lítið á mig. Hitt ætla jeg ekki að fást um, hvort ekki mundi einnig mega með því, að útsvar mitt hefði jafnvel verið haft nokkru lægra.

virðingarfyllst

Helgi Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. — 16/12.

Slept ef skilríki fást.
Aukaútsv. hans lækki um 5 kr.

Jeg sje á aukaútsvarsskránni að hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig aukaútsvar og í tilefni af því vil jeg ekki láta hjá líða að skora á hlutaðeigandi nefnd að fella þetta gjald burtu og strika nafn mitt út af gjaldenda skrá sinni, þar eð jeg þykist að lögum eiga að vera aukaútsvars frí, af þeirri ástæðu að jeg er nú vinnumaður – það er vistráðinn hjá annars manns og verð það næsta ár. og þar utan er jeg ekki nema 20 ára að aldri. Jeg þykist vita að hlutaðeigandi nefnd taki þessa bón mína til greina, og óska jeg eð fá svar nefndarinnar sem fyrst.

Reykjavík 14. Des. 1905

Virðingarfyllst

Ágúst Pálsson

Laugav. 5.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Hr. Andrés Pálsson

Skólavörðustíg 17.

Rvk. 13 jan. 1906.

Samkvæmt ákvæði niðurjöfnunarnefndarinnar á fundi 6. þ.m., í tilefni af útsvarskæru Ágústs bróður yðar, og samkvæmt viðtali okkar verður útsvar yðar til bæjarþarfa um árið 1906 18 kr., en útsvar bróður yðar fellur þá burt.

Þessi málalok bið eg yður að tilkynna honum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.- 18/12.

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur, sé eg að útsvar hefir verið lagt á mig, en eigi á aðra, sem eru ráðnir árs hjú. Eg tel víst að þetta stafi af því, að það hafði fallið í gleymsku fyrir mér að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni frá því, að eg væri ráðinn árshjú á spítalanum í Laugarnesi.

Þetta tilkynni eg nú, og sendi vottorð frá spítalaráðsmanninum, og treysti því að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd felli útsvar mitt.

Laugarnesspítala 16. desember 1905

Virðingarfyllst

Jón Einarsson
(frá Kleppi)

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 8.

Samkvæmt ósk hr. Jóns Einarssonar frá Kleppi votta eg að nefndur Jón er ráðinn vinnumaður við Laugarnesspítala frá 14. maí 1905 til 14. maí 1906.

Laugarnesspítala 16. des. 1905

Hermann Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Hr. Jón Einarsson
vinnumaður
í Laugarnesi.

Rvk. 8. jan. 1906.

Með bréfi þessu skal eg
fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar
vita, að nefndin hefir á fundi, er
haldinn var 6. þ. m., tekið kæru
yðar yfir útsvari því, er á yður
hefði verið lagt um árið 1906, til
greina og úrskurðað, að gjaldið
skyldi niður falla, með því hingað
til hefir sú venja haldist hér í bæ
að leggja ekki útsvar á vistráðin
hjú.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. — 19/12.

# CHARLES NIELSEN.

Reykjavik den

Lækkað um 25 Kr.

Til Ligningskommissionen i Reykjavík.

I Sygdomstilfælde faar jeg ingen Lønning. —

Ved en Fejltagelse har den ærede Kommission antaget at mine aarlige Indtægter beløber sig til en betydelig Sum. Heraf forlanges 40-50 Kr. i Skat! —

Jeg tillader mig imidlertid at bevise Fejltagelsen, idet jeg som Bestyrer for Hr. Fotograf Brynjulfsson har en Gage af 65 Kr. [illegible] Maaneden og Kost.

Man vil indse, at da jeg ej disponerer over andre Midler, eller Formue, kan jeg ikke være tjent med at yde Afgift af mere end 1200 Kroner.

Haabende Kommissionen vil imødekomme min Anmodning om Forandring i denne Sag.

tegner

Ærbødigst

Charles Nielsen.

Sandhedens Rigtighed bekræftes.

Brynjolfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

Herra ljósmyndari Ch. Nielsen.

Rvk. 8. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kært útsvar það til bæjarþarfa, er nefndin hafði á yður lagt um árið 1906 og var þetta bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 6. þ. m.

Með því að nefndinni hafði verið gefin röng skýrsla um tekjur yðar og útsvarið því miðað við þá upphæð, þá þótti nefndinni óhjákvæmilegt að gera breyting á ~~útsvarinu yðar~~ gjaldinu og samræma það við útsvör annarra manna. Nefndin úrskurðaði því, ~~að lækka útsvarið um 25 kr.~~ með tilliti til veikinda yðar í sumar, að færa gjald yðar niður um helming eða niður í 25 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.- 19/12.

Lækkað um 4 kr.

þegar Niðurjöfnunarskráin kom
til mín og eg sá að mjer er gjört að
greyða í aukaútsvar 20 krónur fjell
eg í forundrun útaf því hvað það
gat stigið hátt og eg er viss um að það
er eins og eg hef heyrt aðra segja af
ókunnugleika nefndarinnar. En hvað
því nú líður þá er það svo að mjer
fynst þetta 20 krónu gjald vera blátt
áfram áþolandi á móti við það sem
eg sje aðrir eiga að gjalda sem eg þekki
að eru líkt efnum búnir. Eg hef konu og
1 barn. eg er ekki sjómaður eg á ekki hús
Ekki skipaútgerð eg hef aungva sjer-
staka atvinnu utan það sem fyrir
kjemur daglega þegar það fæst -
aftur er það Guðmundur Gissursson
fyskragari á Bjargi sem ekki hefur nema

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16 kr og svo líka Einar Finnsson
vegfræðingur og á stóreignir á að greiða
25 kr Þorvaldur Björnsson Bjarnaborg
hefur að sönnu 60 kr en um eignir hans
er flestum kunnugt og að eg skuli vera
álitin þessum næstur,

Eg vil ekki tína fleyri upp sem þó
eru mjög margir fleyri ef eg þekti
vel til og er það því ósk mín að þetta
mitt þúnga gjald mætti dálitið falla
niður því mjer fynst að mjer sje gert
rángt til með þessu háa útsvari ekki
Efnameyri en eg er og ósko að fá
svar aptur uppá það að gjaldið verði
lækkað
vyrðingarfyllst
Klapparstíg 13 8 Desenbr 1905

Sigurður Þórðarson
frá Rafnkelsstöðum á Mýrum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.

Herra Sigurður Þórðarson
frá Hrafnkelsstöðum
Klapparstíg 13.

Rvk. 10. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 8. f.m., kært útsvar það til bæjarþarfa um árið 1906, er niðurjöfnunarnefndin hafði á yður lagt, og var þetta bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 6. þ.m.

Þó það sé sjálfum yður að kenna, að gjald yðar var sett svo hátt sem gert var, með því að þér lýstuð svo glæsilega efnahag yðar og ástæðum, er þér voruð að sækja um bæjarleyfi í fyrra, þó að nú verði annað uppi í teningnum, er þér eigið að fara að bera byrðar með öðrum bæjarmönnum, þá vildi þó nefndin ~~taka~~ gefa gaum kveinstöfum yðar og úrskurðaði að lækka gjaldið um 4 kr., úr 20 kr. í 16 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. – 28/12.

B. M. Ó lækkað um 20 kr.
Þ. Bj. lækkað um 20 –

Jeg undirskrifaður leifi mjer hjermeð að kæra útsvar það, er mjer var gert við síðustu niðurjöfnun, að upphæð 150 kr., sem mjer finst alt of hátt, bæði í sjálfu sjer, eftir efnum mínum og ástæðum, og í samanburði við aðra.

Jeg skal taka það fram, að jeg hef í eftirlaun kr. 2255.56 á ári. Auk þess er jeg alþingismaður og svarar þingsetukaupið c. 180 kr. á ári, þegar því er jafnað á tvö ár. Aðrar aukatekjur, af ritstörfum, eru óvissar og varla teljandi. Þegar ótaldar eru bækur og húsgögn, sem engan arð bera, nemur eign mín að frádregnum skuldum og áhvílandi skuldbindingum ekki meira en c. 500 kr.

Meðan jeg var rektor með 4000 kr. launum (að meðtöldu ókeipis húsnæði), hafði jeg, að mig minnir, í útsvar c. 215 kr. Liggur það í augum uppi, að mjer var þá miklu hægra að greiða þessa upphæð en 150 kr. með núverandi tekjum. Jeg skal geta þess, að við niðurjöfnunina 1904 var mjer gert sama útsvar og nú, og ljet jeg mjer það þá linda með tilliti til þess, að jeg hafði 3/4 parta af árinu (1904) notið fullra rektorslauna. En nú er öðru máli að gegna. Þetta yfirstandandi ár alt hef jeg verið á eftirlaunum.

Jeg skal taka til samanburðar nokkra menn:

Landshöfðingja Magnúsi Stephensen er ætlað að greiða í útsvar 260 kr. Hann hefur biðlaun kr. 6222,22 og auk þess nokkrar aukatekjur (t. d. þingkaup c. 180 kr. á ári,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurgjald firir prófarkalestur á alþingistíðindum og firir þíðingar o. fl. firir Stjórnarráðið, firir gæslustjórn í Söfnunarsjóði, ritlaun o. fl.). Auk þess mun hann eiga miklar eignir skuldlausar eða skuldlitlar. Þó að tekið sje tillit til þess, að hann er fjölskildumaður, virðist það ekki nærri sanni að láta mig greiða c. 3/5 í útsvar móts við hann, þar sem hann hefur alt að því þrisvar sinnum hærri laun.

Skrifstofustjóri Jón Magnússon hefur í embættislaun 3500kr. Aukatekjur hefur hann allmiklar (750kr. sem endurskoðari við Landsbankann, 450kr. firir útgáfu Stjórnartíðinda, að ótöldum tekjum af lögfræðings-praxis, t. d. mun hann vera lögfræðilegur ráðanautur ensks auðmans, sem á Elliðaárnar). Hann hefur að eins 10 - tíu - krónum hærra útsvar en jeg með tvöföldum tekjum við mig, og nær það engri átt, þar sem hann hefur ljett hús og tiltölulega lítinn kostnað fram ifir mig, og er þar að auki húseigandi.

Docent Eiríkur Briem á að greiða 200kr. í útsvar, eða 50kr. meira en jeg. Hann hefur í embættislaun 2400kr. Þar að auki er hann gæslustjóri landsbankans með 750kr. launum nú, sem standa til hækkunar uppí 1000kr. snemma á næsta ári. Eitthvað mun hann og hafa firir störf sín við Söfnunarsjóðinn og ef tilvill fleiri aukatekjur, sem mjer er ókunnugt um. Hann á miklar eignir og er nú ómagalaus maður. Virðist því vera alt of lítill munur gerður á honum og mjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón assessor Jensson, sem hefur 4000 kr. í embættislaun fyrir utan aukatekjur og á talsverðar eignir, líklega skuldlausar, greiðir í útsvar aðeins 130 kr. eða 20 kr. minna en jeg. Virðist slíkt engum jöfnuður, þó að hann hafi fjölskildu fyrir að sjá.

Adjunkt Þorleifur Bjarnason hefur nú 2800 kr. í embættislaun. Nokkrar aukatekjur mun hann og hafa af ritstörfum. Jeg þikist vita fyrir víst, að hann sje nú alveg einhleipur og ómagalaus maður, og greiði ekki einn eiri, hvorki til fyrverandi konu sinnar nje til framfæris barna þeirra. Honum er gert 100 kr. útsvar, einni mjer, sem hef minni tekjur og líkar ástæður, 50 krónum hærra. Sjá allir, hve sanngjarnt þetta er, eða hitt heldur.

Friðrik kaupmaður Jónsson — sem mun hafa mikla meiri árstekjur en jeg, einhleipur maður og vitanlega stór-efnaður — á að greiða í útsvar 100 kr., eða 50 kr. lægra en jeg.

Mörg fleiri dæmi gæti jeg til tínt þó til sönnunar, að mitt útsvar er of hátt sett í samanburði við aðra og í sjálfu sjer. Enn jeg vona, að þetta sje nægilega sannfærandi fyrir hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, og leifi mjer með skírskotun til þess, sem að framan er greint, að krefjast þess, að útsvar mitt verði fært niður að stórum mun, eða útsvar þeirra, sem jeg hef borið mig saman við, fært upp. Reikjavík 28. des. 1905.

Virðingarfilst
Bjørn M. Ólsen

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reikjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11.

Hr. prof. dr. Björn M. Ólsen.

Rvík 10. jan. 1906.

Þér hafið, herra prófessor, í bréfi, dags. 28. f. m., kært útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin hefði gert yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1906. Lagði eg þetta bréf yðar fram á fundi nefndarinnar 6. þ. m.

Nefndin vissi vel, hverjar voru hinar föstu tekjur yðar, en gerði sér hins vegar í hugarlund, að arðbærar eignir yðar væru meiri en þér skýrið frá, og taldist því svo til, að gjald það mundi hæfilegt, er á yður var lagt. En með því að nefndinni þótti ekki ástæða til að rengja frásögn yðar, þá tók hún kæruna til greina á þann hátt, að útsvar yðar var lækkað um 20 kr., úr 150 kr. í 130 kr.

Hins vegar þótti nefndinni ekki ástæða til að breyta gjöldum jafnaðarmanna yðar, með því að ástæður flestra þeirra væru gagnólíkar ástæðum yðar, nema hvað skýrsla yðar um hagi adj. Þorl. Bjarnasonar varð til þess, að ~~[illegible]~~ útsvar hans var lækkað um 20 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. – 28/12.

p. t. Reykjavik 28/12 '05.

Slept.

Hr. docent Pálmi Pálsson!

Hér með til kynni eg yður, sem formanni niðurjöfnunarnefndarinnar Reykjavíkur að jeg er lögleg hjú hjá Guðmundi H. Sigurðsyni í Baldurshaga yfir standandi ár. Og tel mig því lausann við að borga aukaútsvar til bæjarins. –

Með virðingu

Magnus G. Árnason.

Til formanns niðurjöfnunar Rvíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.

Hr. Magnús G. Árnason
(hjá Guðm. H. Sigurðssyni rakara)
í Baldurshaga.

Njn. 10. jan. 1906.

Fyrir hönd niðurjöfnunar-nefndarinnar skal eg láta yður vita, að nefndin hefir á fundi 6. þ. m. tekið skýrslu yðar í bréfi dags. 28. f. m. trúanlega, enda þótt ekki kæmi vottorð frá húsbónda yðar, heldur hefir nefndin fengið á annan hátt vitneskju um að svo muni vera sem þér segið. Fyrir því úrskurðaði nefndin, að gjald yðar skyldi falla niður.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.- 29/12.

Lækkað um 20 kr.

Eins og kunnugt er andaðist eiginmaður minn Guðmundur Guðmundsson á heimleið til Íslands frá Kaupmannahöfn 1. þessa mánaðar. —
Á niðurjöfnunarskrá yfir aukaútsvör til bæjarsjóðs var honum ætlað að greiða 30 kr. í aukaútsvar fyrir næstkomandi ár 1906. —
Með því að maðurinn minn dó áður en þessa gjaldár byrjar, en jeg hef 4 ung börn okkar fram að færa hið elsta þeirra 11 ára og enn fremur móður hans, tengdamóður mína, sem er fjörgömul, heilsulaus og þungur ómagi, en jeg hefi engan vinnumann nje neinn er veiti búi mínu forstöðu, leyfi jeg mjer hjermeð virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún láti ofannefnt aukaútsvar mannsins míns sál. falla niður að einhverju eða öllu leyti.

Reykjavík 28. desember 1905
Ingveldur Kjartansdóttir.

Til
Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Húsfrú Ingveldur Kjartansdóttir
Laugavegi.

Rvík 10. jan. 1906.

Fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar skal með bréfi þessu látið yður vita, að nefndin hefir á fundi 6. þ. m. tekið málaleitan yðar í bréfi, dags. 28. f. m., til greina á þann hátt, að hún úrskurðaði að lækka útsvar það, er nú hvílir á dánarbúi mannsins yðar sáluga, Guðm. Guðmundssonar, um 20 kr., svo að það skuli ~~[illegible]~~ greiða að eins 10 kr. útsvar um árið 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. – 29/12.

Ekki sint.

Ég undir ritaður hef fengið sedil upp tyu Króna auka útsvar sem að ég finn mig als ekki knúðan til að borga þar að ég er skósmiða lærlingur. ég vil því vinsamlegast biðja hina háttvyrtu Niðurjöfnunar nefnd að strika mig út af gjaldenda skránni

Virðingarfylst

Laugaveg 6 28/12 05

Eyríkur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

Herra Eiríkur Jónsson
lausamaður
Laugavegi 6.

Rvík. 10. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 28. f. m., kært útsvar það, 10 kr., er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður til bæjarþarfa um árið 1906. Bréf þetta var lagt fram á fundi nefndarinnar 6. þ. m.

Í bréfi þessu lýsið þér yfir því, að þér finnið yður eigi skylt að greiða þetta útsvar, með því að þér séuð skósmíðalærlingur, en nefndinni er kunnugt, að þér stundið allt aðra atvinnu, sjómensku, þá tíma ársins sem fært er og arðvon er góð, en hafið numið aukreitis þann tíma ársins, er þér getið eigi stundað það, sem hingað til hefir verið og er enn aðalatvinna yðar; sýnir það dugnað yðar og atorku að vilja verja þeim tíma líka til ~~einhvers þarflegs~~ þess, er yður má koma að góðu haldi síðar meir. ~~Nefndin getur~~ Þó að yður enn fremur hafi gleymst að kaupa lausamenskuleyfi, þá þóttist nefndin eigi geta tekið það til greina fremur en röksemdir yðar í bréfinu og úrskurðaði því, að útsvar yðar skyldi standa óbreytt.

Útsvarsseðillinn endursendist og.

Þessi úrslit birti ég yður að forlagi nefndarinnar.

./.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. – 30/12.

Slept.

Með því jeg hefi orðið þess var að hinni háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig útsvar fyrir komandi ár, sem að líkindum stafar af ókunnugleika hinna háttvirtu nefndarmanna, þá vil jeg leyfa mjer að gefa þær upplýsingar, að jeg er að læra rakaraiðn hjá herra Árna Nikulássyni rakara hjer í bænum einsog hjálagt vottorð sýnir, og samkvæmt því lít jeg svo á að mjer beri ekki að borga útsvar.
Samkvæmt framanrituðu vona jeg að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd þóknist að fella í burtu gjald það er hún hefir ákveðið mjer að borga á komanda ári

Reykjavík 29. 12. 1905

virðingarfyllst
Kjartan Ólafsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 15.

# Vottorð

Það vottast hjer með að herra Kjartan Ólafsson er nemandi hjá mjer í bakara iðn og hefur verið síðan 8 oktober síðastliðinn

Reykjavík 29. 12. 1905

Árni Nikulásson Bakari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15.

Herra Kjartan Ólafsson
hárskeri
(hjá Árna Nikulássyni)

Rvík. 10. jan. 1906.

Fyrir hönd niðurjöfnunar-
nefndarinnar skal eg með bréfi þessu
láta yður vita, að nefndin hefir á
fundi 6. þ.m., tekið beiðni yðar
í bréfi, dags. 29. f.m. um uppgjöf
á útsvari til bæjarþarfa til greina
og úrskurðað að fella niður gjald-
ið að þessu sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

16. – 29/12.

Lækkað um 10 kr.

Reykjavík 28. des. 1905.

Jeg leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að henni mætti þóknast að færa aukaútsvar mitt niður um 10 kr. eða úr 40 kr. og niður í 30 kr. – Þessi tilmæli mín miðast aðallega við það, að jeg hefi orðið að sleppa starfinu sem umboðsmaður fyrir lífsábyrgðarfjelagið „Star" vegna tímaleysis. Starf mitt í Íslandsbanka tekur svo mjög upp tíma minn og krafta, að það er miklu fremur af vilja og nauðsyn að jeg hefi ekki einnig hætt öllum störfum í leikfjelaginu.
Þegar litið er til þess, sem lagt er á aðstoðarmenn í stjórnarráðinu, er bæði hafa hærri laun og miklu styttri vinnutíma, þá virðist þessi lækkun sem hjer er farið fram á, ekki of mikil.

Virðingarfyllst
Jens B. Waage

Umboðslaun c. 5-600 kr.

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Hr. bankaskrifari Jens B. Waage.

Njn. 10. jan. 1906.

Fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar skal eg með bréfi þessu láta yður vita, að nefndin hefir á fundi 6. þ. m. ~~fallist~~ tekið skýrslu yðar í bréfi dags. 28. f. m. til greina og samkvæmt henni úrskurðað að lækka útsvar yðar til bæjarþarfa um árið 1906 um 10 kr., svo sem þér hafið farið fram á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.- 4/1.

Lækkað um 4 kr.

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurbæjar.

Eg leyfi mér hérmeð virðingarfyllst að snúa mér til hinnar virðulegu niðurjöfnunarnefndar út af gjaldi því sem á mig er lagt, sem er 14 krónur, þar sem eg er fátækur sjómaður, sem ekki hefi annað en það sem eg hefi unnið fyrir sem óbreyttur háseti á fiskiskipi um sumartímann, en er hér um bil atvinnulaus allan veturinn, en verð að styrkja foreldra mína, báða örvasa, og komna að fótum fram, föður minn með 25 krónum, og móður mína með einu miklu eða því meira, svo þannig leggst á mig um 60 króna árlegt gjald.

Finnst mér því að niðurjöfnunarnefndin leggi heldur mikið gjald á mig, og leyfi eg mér því virðingarfyllst að fara fram á að það verði lækkað.

Foreldrar báðir yfir sjötugt, örvasa.

Reykjavík 4. Janúar 1906.

virðingarfyllst

Guðmundur Magnússon
frá Digranesi.
Bergstaðastræti No 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.

Hr. Guðm. Magnússon
frá Digranesi
Bergstaðastræti 20.

Rvk. 10. jan. 1906.

Þér hafið í bréfi, dags. 4. þ.m., kært útsvar það, 14 kr., er á yður var lagt til bæjarþarfa um árið 1906 og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 6. þ.m.

Enda þótt bréf yðar sé samið og borist nefndinni löngu eftir lögskipaðan frest, þá félst nefndin þó á að gefa gaum röksemdum yðar og tók þyngd þá, er þér hafið af foreldrum yðar til greina á þann hátt, að hún úrskurðaði að lækka gjald yðar um 4 kr., úr 14 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

Slept að sinni

Þar að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar, hefur nú lagt á mig 16 kr. útsvar, þá leyfi jeg mjer að skýra hinni heiðruðu nefnd frá, að fullt útsvar var lagt á mig í Geiradalshreppi áður en jeg fór þaðan í haust, sem meðfylgjandi útsvarsseðill sýnir, og einnig það, að jeg var ekki búinn að dvelja hjer 4. mánuði, þegar útsvarið var lagt á. Jeg vænti því að þetta útsvar verði látið falla niður.

Virðingarfyllst.

Rvík, Laugav. 64 17/12 05.

Jóhann Jónsson

frá Bakka í Geiradal

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

Hr. Jóhann Jónsson
frá Bakka í Geiradal
Laugav. 64.

Njr. 10. jan. 1906.

Fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar skal eg með bréfi þessu láta yður vita, að nefndin hefir á fundi 6. þ.m. fallist á að taka kæru yðar í bréfi, dags. 17. f.m., til greina, með því að svo mun mega líta á, að þér greiðið útsvar í Geiradalshreppi frá fardögum 1905 – fardaga 1906. Úrskurðaði nefndin því að fella burt útsvarið að sinni, en ef þér verðið búsettur hér í bænum eftir fardaga á næsta vori, þá verður lagt á yður gjald um síðari helming ársins; hjá því verður ekki komist.

./. Útsvarsseðla yðar endursendi eg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

**G. FINNSSON**

SMEDE & MEKANISK VÆRKSTED

Reykjavik 30 Desember 1905

Hjermed leifi jeg mjer að biðja hina heiðruðu Niðurjöfnunar Nefnd Reykjavíkur, upplýsingar á því hvað mikill hluti af auka útsvari mínu tilheirði eða legðist á járnverzlun mína við Norðurstíg. (í Steinhúsinu)

þareð verzlunin er ekki að öllu leiti mín eign ber með eiganda að borga mjer hlutfallslega sinn part, í fyrra haust ~~hefur~~ hefur virst líka verið tekið tillit til verzlunarinnar, enn kannske minna enn nú í haust af því hún hefur verið meiri í sumar og haust,

Virðingarfyllst

Gísli Finnsson

Til

Niðurjöfnunar Nefndarinnar í Reykjavík

Hluti verzlunarinnar 20 Kr.

— G. Finnss 55 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

Herra járnsm. Gísli Finnsson

Rvk. 10. jan. 1906.

Fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar skal eg svara fyrirspurn yðar í bréfi til nefndarinnar, dags. 30. f.m., á þá leið, að nefndin hugsaði sér, að á atvinnu sjálfs yðar beri að leggja 55 kr., en á járnverzlun þá, er þér rekið í félagi við ~~aðra~~ annan mann, 20 kr.; samtals 75 kr. En þar sem verzlunin ber að-eins nafn yðar, að því er oss er kunnugt, þá sáum vér eigi ástæðu til að skifta gjaldinu að svo stöddu, enda getið þér um, í samráði við sameiganda yðar að verzluninni, skift gjaldinu á annan veg eða svo sem yður sýnist réttast. Svo var og í fyrra, er á yður var lagt, að verzlunin var í huga höfð, en gjaldið á hana þá áætlað nær helmingi minna en nú.

Ef þið félagar óskið þess, getur nefndin framvegis greint gjald það, er hún leggur á verzlunina, frá gjaldi yðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður skipstjóri Gunnlaugsson á Melshúsum á sitt lögheimili, í Melshúsum í Seltjarnarnesshreppi þetta ár eins og hann hefur átt það undanfarin ár

Lambastöðum 12 desemb 1905
Ingjaldur Sigurðsson

Útsvarið fellt burt. Svarað munnlega.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.

Hr. búfræðiskand. Guðjón Guðmundsson.

Kæra frá einum gjaldanda hér í bæ, út af aukaútsvari hans, því er á hann var lagt um árið 1906, hefir orðið til þess, að niðurjöfnunarnefndin hækkaði á fundi 6. þ.m. útsvar yðar um 5 kr., úr 20 kr. í 25 kr.

Rvk. 10. jan. 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.

Hr. málflutningsmaður Guðm. Eggerz.

Rvík. 10. jan. 1906.

Kæra frá einum gjaldanda hér í bæ, út af aukaútsvari hans, því er á hann var lagt um árið 1906, hefir orðið til þess, að niðurjöfnunarnefndin hækkaði ~~útsvar~~ á fundi 6. þ. m. útsvar yðar um 15 kr., úr 25 kr. í 40 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. adj. Þorl. H. Bjarnason

Rvík 10. jan. 1906.

Svo sem yður er kunnugt, barst niðurjöfnunarnefndinni kæra frá einum gjaldanda hér í bæ og tók hann yður til jafnaðarmanns. Kæra þessi varð til þess, að niðurjöfnunarnefndin ~~komst að~~ rannsakaði vandlega alla málavöxtu og ~~þeirri niðurstöðu~~ athugaði gjaldþol yðar í samanburði við gjaldþol kæranda og annarra manna hér í bæ með líkum ástæðum og komst að þeirri niðurstöðu, að hækka bæri útsvar yðar. Úrskurðaði nefndin síðan, að hæfilegt væri að hækka útsvar yðar um 20 kr., úr 100 kr. í 120 kr.

Þessi úrslit birti ég yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23

Hr. cand. jur. Karl Einarsson

Rvík. 10. jan. 1906.

Samkvæmt bending frá nokkrum gjaldendum hér í bæ hefir niðurjöfnunarnefndin á fundi 6. þ. m. tekið yður á skrá yfir niðurjöfnun aukaútsvars um árið 1906 og gert yður að greiða 15 kr. til bæjarþarfa á téðu tímabili.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.

Hr. arkitekt Halvorsen.

Njr. 10. jan. 1906.

Samkvæmt bending frá gjaldanda hér í bæ hefir niðurjöfnunarnefndin á fundi 6. þ. m. tekið yður á skrá yfir niðurjöfnun aukaútsvara um árið 1906 og ákveðið, að þér skulið greiða 50 kr. til bæjarþarfa á téðu tímabili.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25.

Hr. Meyer

Samkvæmt bending frá gjaldanda hér í bæ hefir niðurjöfnunarnefndin á fundi 6. þ.m. tekið yður á skrá yfir niðurjöfnun auka-útsvara um árið 1906 og ákveðið, að þér skulið greiða 20 kr. til bæjarþarfa á téðu tímabili.

Njn. 10. jan. 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26.

Herra Jónas Eyvindarson

Eyvindarbæ

Njn. 16. jan. 1906.

Samkvæmt bending frá einum gjaldanda hér í bæ hefir niðurjöfnunarnefndin á fundi 6. þ. m. tekið yður á skrá yfir niðurjöfnun aukaútsvara um árið 1906 og gert yður að greiða 14 kr. (til bæjarþarfa) á téðu tímabili.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27.

Hr. Servaes
Kap. klerkur

Rvík. 10. jan. 1906.

Með því að farist hefði fyrir í síðastl. nóvembermánuði, sökum veru yðar í útlöndum, að leggja á yður venjulegt aukaútsvar til bæjarþarfa um árið 1906, þá tók niðurjöfnunarnefndin yður ~~aftur~~ á ~~skrá~~ fundi 6. þ.m. aftur á skrá og gerði yður sama útsvar sem í fyrra, 20 kr.

Þessar gjörðir birti eg yður [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Ágúst Jósefsson
prentari

Rvík. 10. jan. 1906.

Samkvæmt kæru frá fleirum en einum gjaldanda þessa bæjarfélags út af því, að farist hefði fyrir við síðustu niðurjöfnun aukaútsvara að leggja á yður hæfilegt gjald sem aðra menn, þá hefir nefndin á fundi 6. þ. m. tekið yður á skrá með 10 kr. útsvari um árið 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.

Herra Jón Baldvinsson
prentari

Rvík. 10. jan. 1906.

Samkvæmt kæru frá fleirum en einum gjaldanda þessa bæjarfélags út af því, að farist hefði fyrir við síðustu niðurjöfnun aukaútsvara að leggja á yður hæfilegt gjald sem aðra menn, þá hefir nefndin á fundi 6. þ.m. tekið yður á skrá með 14 kr. útsvari um árið 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.

Hr. rakari Jónatan Guðmundsson

Rvík. 16. jan. 1906.

Þar sem þér, herra rakari, hafið góðfúslega bent oss á, að niðurjöfnunarnefndinni hafi láðst að taka yður á gjaldskrá útsvara hér í bæ um árið 1906, þá skal eg hér með tilkynna yður að þér munuð innan skamms fá útsvarsseðil frá gjaldkera bæjarins, þar sem yður er ætlað að greiða 15 kr. á téðu tímabili.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur
19/10 ~~[illegible]~~ 06

júlí
Hinn 7. þ. ~~m.~~ átti niðurjöfnunar-
nefnd kaupstaðarins fund með sjer
til þess að taka fyrir aukaniður-
jöfnun þ.á. Hafði hún fengið
sjer til leiðbeiningar tilkynning-
ar um þá, sem fengið hafa bæjar-
leyfi þ.á. og hafa keypt sjer lausa-
mennskuleyfisbrjef, svo og um
þá, sem keypt hafa borgarabrjef
og tekið hafa sveinsbrjef, en
hún fann til þess hve ónóg gögn
þessi eru, bæði af því að litlar
upplýsingar voru að öðru leyti
um menn þessa og bústað
þeirra, og svo eru mjög svo
margir þar fyrir utan fluttir
til bæjarins, bæði prentarar,
handverksmenn og verslunar-
menn og sumir þessara manna
hafa hátt kaup. Það getur
því ekki hjá því farið að all-
margir efnaðir menn og í
góðri stöðu sleppi með öllu
við aukaútsvar, ef nefndin
getur ekki fengið betri og fyllri
upplýsingar en verið hefur.
Nefndinni hefur og borist
til eyrna að það beri ei...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjaldan við að hjer búsettir menn í góðri stöðu og allvel efnaðir bjóðist bönkunum sem ábyrgðarmenn, þótt þeirra sje eigi getið á niðurjöfnunarskrá.

Til þess að ráða bót á þessu hefir nefndinni hugkvæmst, að fara þess á leit að þjer herra bæjarfógeti ljeð nefndinni í tje ~~í þessu skyni~~ til afnota í þessu skyni annaðhvort sjálfa manntalsbókina, frá síðasta hausti, eða eptirrit af henni og lista yfir alla þá, sem flutt hafa inn í bæinn eða inn komnir síðan síðasta manntal var tekið og enn fremur manntals-

skýrslur þær, er safnað verður í þessum mánuði, ef unt er.

Eptir lögum nr 18 13. sept 1901 og reglum landshöfðingja 3. maí 1902 er hver húsráðandi skyldur til ~~að tilkynna yfir alla slíka~~ að viðlögðum sektum, að tilkynna yfir alla slíka flutninga, svo nefndin gjörir ráð fyrir að ekkert geti verið því til fyrirstöðu að hún fái þessar upplýsingar, sem henni eru bráðnauðsynlegar og sem hún getur ekki útvegað sjer á annan hátt.

Virðingarfyllst

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7. d. júlí 1906.

Til leiðbeiningar aukaniðurjöfnun í útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð skýra hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að menn þeir er taldir eru hjer á eptir, hafa fengið atvinnuleyfi hjer í kaupstaðnum síðan 1. nov. f. á.

I. Borgarabrjef.

1–20. Eyjólfur Eiríksson, Tapeser, síðastur.

II. Húsmennskuleyfi.

1–34. Ketilbjörn Magnússen frá Lambhóli; [illegible] síðast.

III. Skipstjórnarskírteini.

1–13. Helgi Björnsson, Laugav. 56., síðastur.

IV. Lausamennskuleyfi.

1–30. Guðmundur Guðmundsson, Norðurstíg 3. síðastur.

V. Sveinsbrjef.

/. Umsóknarbrjef um húsmennskuleyfi fylgja hjermeð, en óskast endursend að afloknum notkun þeirra.

H. Júlíusson
ft.

Til
Formanni niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Rvík 12. júlí. 1906.

Með bréfi þessu sendum vér yður, herra bæjarfógeti, skrá yfir aukaniðurjöfnun þá, er framfór 7. þ. m. og urðu nýir gjaldendur ~~samtals~~ alls 115 og upphæð útsvaranna samtals 1356 kr.

/. Öll umsóknarbréf um bæjarleyfi, þau er fylgdu bréfi yðru frá 7. þ. m., eru endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I. Skrá

yfir iðnnema, sem hafa lokið prófi
undanfarið í prófumdæmi í Reykjavík. &c.

— — —

Í trjesmíði: (Einar J. Pálsson.)

1. Þorbjörn Jónsson frá Gelldinganá í Melasveit.
2. Kristján Eggert Gíslason frá Tungu í Hörðudal.

Í járnsmíði: (Sigurður Jónsson.)

1. Eyjólfur Bjarnarson Reykjavík
2. Sveinn Guðmundsson, Brúnavöllum á Skeiðum.

Í skósmíði: (Jón Brynjólfsson.)

1. Einar Sigurðarson.

II. Stýrimannaskólanum:

1. Jón Eyjólfur Bergsveinsson (Útlandi.)
2. Árni Eyjólfsson (Byron.)
3. Engilbert Magnússon. Bræðraborgarstíg 17.
4. Agnar Magnússon
5. Sigurður Þorleifsson Frammnesvegi 4.
6. Egill Egilsson
7. Eyjólfur Kr. Eyjólfsson Hverfisg. 6.
8. Guðmundur Guðmundsson Bræðraborgarstíg 31.
9. Símon Sveinbjarnarson Þingholtsstr. 26.
10. Sigurjón P. Jónsson (Noregi.)
11. Jón Erlendsson, Laugav. 56.
12. Jón Árnason, Hverfisg. 29.
13. Helga Bjarnason, Laugavegi 56.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Saumamennskuleyfi:

-1. Guðlaug Jónsdóttir, Bakka við Bakkastíg.
2. Guðni Sigurðsson, Laugav. 73.
-3. Ingjaldur Þórarinsson, Bræðrab. 21.
-4. Þóra Jónsdóttir. Vesturg. 55.
5. Guðrún Sigmundsdóttir Suðurgötu 5.
-6. Guðríður Jónsdóttir Vesturgötu 21.
-7. Jón Einarsson Bergstaðastr. 39.
8. Vigfús Vigfússon, Grettisgötu 27.
9. Sesselja Kristinsdóttir, Suðurgötu 13.
-10. Guðrún Steinsdóttir, Grettisg. 31.
11. Þorsteinn Sigmundsson, Þorgrímsholti.
12. Vermundur Fr. Ásmundsson Hverfisg. 25.
-13. Árni Kristján Einarsson, Miðstræti 6.
-14. Gestur Lob. Sveinsson, Vesturgötu 10.
-15. Sigríður Guðrún Sigmundardóttir Laugav. 58 B.
-16. Hallgríma Gísladóttir, Bergstaðastr. 9.
-17. Guðrún Sigurðardóttir, Bókhlöðustíg 11.
-18. Ólöf Sigurðardóttir Grettisgötu 57.
-19. Guðrún Hannesdóttir Austurkoti í Kaplaskjóli.
-20. Jón Jónsson, Laugav. 58.
-21. Guðríður Össurardóttir Grettisg. 17. B.
-22. Kristín Jónsdóttir, Laugav. 57.
-23. Benedikt Bjarnason, Laugav. 48.
-24. Guðmundur Gissmann, Vitastíg 9.
-25. Guðjón Guðmundsson, Mjóstræti 10.
26. Sólveig Jónsdóttir. Barónsstíg 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Þuríður Magnúsdóttir, Hverfisg. 30.
28. Helga Bjarnadóttir, Vesturg. 53 B.
29. Jóhannes Guðbjartur Jóhannsson, Garðhúsum.
30. Guðmundur Guðmundsson, Norðurstíg 3.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 7. júlí 1906.

H. K. Júlíusson.
ft.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinsbréf fengu í Skósmíði; þann 17/10.-1905.

1. Þorsteinn Jóelsson útlærður frá Lárusi G. Lúðvígssyni

2. Guðmundur Jónsson — " — " M. A. Matthiesen

3 Guðjón Magnússon — " — " Birni Þorsteinssyni

Reykjavík 16-10-1905.

Jón Brynjólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir þá, sem hafa fengið atvinnuleyfi hjer í bæ frá 1. nov. 1905 til 30. júní 1906.

Halldór Runólfsson, Bjarnaborg.
Ágúst Ól. Árnason frá Kjaransstöðum
Guðrún Vigfúsdóttir, Ingólfsstræti
} þessi 3. búsettir, hafa verið lítt. í bænum. —
Jón Ögmundsson vefari í „Iðunni“
Kristinn Brynjólfsson skipstj. frá Engey.
Bjarni Gíslason Veghúsum Klapparstíg 13.
Jörgen V. Benediktsson frá Seyðisfirði.
Steinunn Guðmundsdóttir ekkja frá Hvoli í Mýrdal
Kjartan Runólfsson Jaðri, Kaplaskjóli.
Erlendur Eyjólfsson frá Bygggarði á Seltjarnarnesi
Jóhannes Bergsveinsson frá Hvaldsstöðum í Mýrum
Brandur Brandsson Njálsgötu.
Páll Steingrímsson Laugav. 74.
Eiríkur Magnússon, Þverárkoti
Guðrún Eyvindsdóttir frá Stapanesi
Guðmundur Jónsson frá Sigurðarstöðum Akranesi
Þorsteinn Þorgilsson, [illegible]
Ásmundur Jónsson frá Skörnburg í Grímsnesi
Jakob Árnason frá Auðsholti í Ölvesi
Guðrún Einarsdóttir ekkja frá Keflavík
Runólfur Ólafsson frá Mýrarhúsum
Ólafur Helgason frá Presthúsum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafur R. Hjörtþórsson, Hodarenda.
Helgi Guðmundsson málari frá Akureyri.
Einar Brynjólfsson frá Bakkakoti.
Ástríður Guðmundsdóttir, Bergst.str. 20.
Andrés Jónsson Grímsstöðum, hjer í umdæminu.
Guðjón Jónsson Bachmann frá Búðardal, Dalasýslu
Pétur H. Pétursson Holtastöðum, hjer í bæ.
Guðmundur Guðlaugsson frá Einarshöfn á Eyrarbakka
Ásgeir Sigurmundarson hjer. (Godthaab.)
Ágúst Pálmason frá Langarnesi.
Helgi Jónsson frá Ketilsstöðum, Kjalarnesi
Einar Einarsson frá Miðgörðum Kolbeinsstaðahr.
Bjarni Pétursson frá Krókskoti í Árnessýslu.
Sigurður Guðmundsson, Spítalastíg 4 B.
Ketilbjörn Magnússon frá Saurhóli í Dalasýslu.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 7. júlí 1906.

H. Júlíusson
ft.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir þá menn sem hafa fengið borgarabréf
frá 1. nov. 1905 til 30. júní 1906.

Hannes Snæbjörn Hansson
Guðmundur Egilsson, trésmiður.
Jakob Jónsson, kaupmaður frá Borgarfirði
Guðmundur Sæmundsson, Bergstaðastr. 20.
Magnús Runólfur Jónsson.
Björn Ólafsson, skipstjóri, Mýrarhúsum.
Sigríður Einarsdóttir, Ingólfsstræti 6.
Magnús Gunnarsson skósm. Kirk
- Þorleifur Jónsson, Bjarnaborg.
Sigurbjörn Sigurðsson, búfræðingur.
- Guðmundur Stefánsson.
- Kristinn Magnússon, skipstj. Aðalstr.
- Þorleifur Jónsson, póstafgreiðslumaður
- Jón Jónsson, Laugav. 43 B.
- Ólafur Ásbjarnarson frá Keflavík
- Ólafur Sophonías Einarsson Hjaltested.
- Jörgen Þórðarson Spítalastíg 4.
- Egill Jacobsen, „Hotel Reykjavík"
Jórunn R. Guðmundsdóttir, Þingholtsstr.
Eyjólfur Eiríksson, Topeker.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 7. júlí 1906.

[illegible]
st.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK~~

Reykjavík 6 d. apríl mán. 1906

Samkvæmt fyrirlagi bæjarstjórnarinnar á fundi í gær, leyfi jeg mjer hjermeð að beiðast álits hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar um hjálagt erindi frá Karitas Þorsteinsdóttur um uppgjöf eða niðurfærslu á bæjargjaldi.-

Með svarinu óskast fylgiskjalið endursent.-

Formaður bæjarstjórnar

Jón Magnússon

settur

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Njn. 24. apr. 1906.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, ~~beidd~~ sent njn. erindi frá Karítas Þorsteinsdóttur, þar sem hún mælist til, að útsvar sitt 1906 verði fært niður um 4 kr., svo sem í fyrra.

Þá er njn. lagði á hana þessa útsvarið í haust (8 kr.), var henni eigi kunnugt um þá breyting á högum hennar, er hún talar um í bréfi sínu og ~~ætti~~ valdið hefir því, að bæjarstjórnin lækkaði útsvar hennar í fyrra, enda hefir njn. aldrei verið tilkynt sú breyting af bæjarstjórnarinnar hálfu. Njn. er á því, að öll sanngirni mæli með því að beiðni konu þessarar verði tekin til greina og leggur til, að útsvarið verði fært niður í 4 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 28 d. Oktbr mán. 1905

Í framhaldi af brjefi mínu, dags. 26. þ. m. sendi jeg hjermeð umsóknir þeirra manna er leyfi hafa fengið til kaupmennsku síðan

C. Nielsen, timburmaðr, Njálsg. 56
Einar Ólafsson, Laugaveg 54
Jón Magnússon, frá Efraholti Stokkseyri
Guðlaugur Jónsson, Mýrargötu 12
Sigurður Sigurðsson, Hverfisgötu 21

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavik 11. d. nóvember mán. 1905.

Í framhaldi af brjefinu dags. 27. júní og 26. október þ. á. tilkynnist hjermeð hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að eptirtaldir menn hafa fengið atvinnuleyfi hjer í bænum síðan, og fylgja umsóknarbrjef þeirra, er jeg bið mjer endursend, þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau.

1. Halldór Runólfsson, Bjarnaborg
2. Ágúst Ólafur Árnason, frá Kjaransstöðum
3. Guðrún Sigfúsdóttir, Ingólfsstræti

Halldór Daníelsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 19. d. janúar mán. 1906

Bæjarstjórnin beiðist álita hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um erindi frá Sighvati Brynjúlfssyni Bergstaðastræti 23B, er fylgir brjefi þessu, um niðurfærzlu á aukaútsvari hans, sjerstaklega um það, hvort nefndinni hafi verið kunnugt um veikindi hans, þegar hún jafnaði á hann útsvarinu.

Með svarinu bið jeg mjer fylgiskjalið endursent. —

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur